

Nr. 16.  
30.  
oktbr.

## Bráðabirgðalög

um framlengingu á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vegna styrjaldar þeirrar, sem nú geysar í Norðurálfu, teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að ákvæði þau, sem í gildi eru til loka októbermánaðar 1914 samkvæmt lögum 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skuli gilda áfram.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

### 1. gr.

Lög 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum skulu vera í gildi til loka septembermánaðar 1915, þó svo, að ljetta megi af ákvæðinu um óinnleysanleik seðla Íslands banka einnig innan þess tíma eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar þar um, enda sje bankanum samtímis aftur afhentur gullforðinn.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 30. október 1914.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Sig. Eggerz.*